Í Kaupmannahöfn og Málmey

– 1921 –

JÞV

# Í Málmey í Svíþjóð 1921

-o-

V. b. y. k. br. – [1] þegar við vorum í heimsókn hjá stúkunni Skúla fógeta í vetur, datt mér í hug að segja nokkuð frá reynslu minni í þessu efni í framandi landi og þá einkum er eg kom einn míns liðs til stúku einnar í Málmey í Svíþjóð. – Dagskráin, eða öllu heldur kvöldskráin hjá Skúla fógeta var það ásetin, að þar gafst ekkert tækifæri.

Sagan gæti byrjað eins og svo margar aðrar = „það er langt langt síðan þetta var". – það var árið 1921.

Eg var þá um haustið staddur í borginni við Sundið, eg hafði árið áður (20/2 '20) gengið í Oddfellowregluna nú hitti eg þarna í Kaupmannahöfn

1) Ein kveðja í orðbók, nokkuð sérstæð orðin ½ aldar gömul.

nokkuð marga Oddfellowa, Ingólfsbræður og Hallveigarbræður, þar voru: Knútur Zimsen, Nikolai Bjarnason, Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Jónsson hjá Dús, Jón Laxdal, Láult, dönskur skraddari búsettur í Reykjavík, úr firmanu Andersen & Lauth.

Við höfðum ekki samað okkur í Höfn og hittumst í fyrstu óvænt á stúkufundum, höfðum flestir verið svo forsjálir að taka með okkur kjólfötin og gátum því mætt á kjólfundum. Við komum á fundi í stúkunum Nordstjernen, Union og Pongress. Auk þess var mér boðið á fund í Ungdomsforeningen, en það er félagsskapur sona Oddfellowa. Þetta boð átti ég að þakka y.m. okkar, sem þá var Eggert Claessen, er fékk mér í hendur kort áritað til dansks vinar síns Jes Kjönig að nafni.

Br Jes Kjönig sagði mér að hann væri búinn að vera siðameistari í 15 ár. Hann vann í stigveitinga-deild, er skipuð var bræðrum úr ýmsum stúkum og fór á milli stúkna og veitti stig. Ég var m.a viðstaddur er veitt var bróðurkærleiksstig í st. Progress. _ Athöfnin fór mjög vel fram, hratt og hnökralaust, hver einn kunni sitt hlutverk, næstum að mér fundust stigveitingin of vélræn.

Innsækjendurnir voru 17 úr ýmsum stúkum, þessi fjöldi innsækjanda fannst mér bera of mikið keim af fjöldaframleiðslu.

Það er mín skoðun að hver stúka sé ekki of góð að sjá um sína innsækjendur.

—o—

Ég ætlaði að bregða mér yfir til Svíþjóðar, þetta var 27 sept. 1921. _

Ég fór í íslenska sendiráðið í Ny-Vestergade 21 til að fá uppáskrift á
Sendiráðið var stofnað 1920 og Sv. Bj. ráðinn 2. h
passann minn. — Nú þarf alls engan passa um Norðurlönd. — Ég kom á sendiráðsskrifstofuna rétt eftir matarhlé og nær samtímis kom Sveinn Björnsson inn og spurði með sinni venjulegu ljúfmennsku, hvað hann gæti gert fyrir mig. Ég sagði mitt erindi hann vísaði mér til sendiráðsritarans Tryggva Svörfuðar skólabróður míns. — Áskriftin kostaði 4 krónur, en farið á ferjunni norður til Málmeyjar kr 3.70 danskar, en til baka aðeins kr 3.00 sænskar, það var alveg um þessar mundir að komast á mismunur á gengi mynta Norðurlanda. Íslenska krónan var enn í sama gengi og sú danska en fór að hrapa um veturinn og hefur tekist að halda því skoppi áfram nú

í 1/2 öld, slöðugt, að undanskildum smá truflum er varð, að mig minnir 1924, er Jón Þorláksson hækkaði geng- [ofan línu: eftir afslátt]
ið og nokkrir útgerðarmenn fóru á hausinn.

Norðurlandablöðin voru um þess- ar mundir full af frásögnum af smygl- i á danskri mynt til Svíþjóðar, menn smygluðu slegnu myntinni dönsku yfir um, hún var þar í sama verði og sú sænska. — Menn voru hug- kvæmir, földu peninga í skónum sín um, í leynihólfum í töskum, eða í fötum sínum.

Maður nokkur var sífellt í ferð- um milli landa, hann sprangaði um þilfarið á ferjunni með silfurbú- inn staf milli handa, lögreglan leit- aði hjá honum, en fann ekkert, — en svo varð óhappið, náunginn sló full mikið um sig með stafnum,

missti hann á bílfarið og hvað þá við hátt málmhljóð og upp komst um smyglið. Stafurinn var holur innan og fylltur með 25 eyringum 1 kr, fjórir 25 eyringar taka 6 m/m, normal stafur er 90 sm; náungum hefur getað falið í stafnum kr 150,00 –

Það er gamall siður, sem lengi hefur viðgengist að Danir hafa farið yfir til Svíþjóðar og keypt þar vörur sem voru ódýrari þar í landi og svo koma Svíar til Danmerkur og verzla þar. Ég varð var við það að Danir höfðu sérstakan áhuga á sænskum koparvörum, kötlum og könnum og var talið að bezt væri að kaupa þessa vöru í Málmey.

Þar keypti ég mér forláta ketilker og könnu, er ég á enn, kostaði kr 35.00 í sleginni mynt.

–o–

Svo var það eftir miðjan dag í Málmey að mér barst í hendur dagblað og sá þar auglýstan fund um kvöldið í Oddfellowstúkunni Caritas í Engelbrektsgatan 20. Eg sá að þetta var venjulegur fundur og ákvað að fara á fundinn í mínum ferðafötum.

Laust eftir kl. 8 var eg búinn að finna húsið Engilsbrektsgatan 20. - Það var ósköp venjulegt 4. hæða sambygging.

Við útidyr voru nokkur nöfn greypt á málmplötur m.a. I.O.O.F IV, fundarsalur var því á fjórðu hæð. - Húsið var ólæst og eg fór að fika mig upp stigana.

Þessi stigi minnti mig á annan stiga og annað hús hér í Reykjavík, næsta hús við dómkirkjuna, nú kallað Kirkjuhvoll, áður hús Jóns Sveinssonar, „snikkara". Og nú verð eg að hverfa aftur til vetrarins 1912-1913.

Ég átti þá heima í Hafnarfirði, en var í skóla í Reykjavík. Í þessu húsi var matsala á efri hæð, ég var þar í fæði ásamt öðrum. – Þá var kvöldverður borðaður kl 8 og það gat því komið fyrir að setið væri yfir borðum til kl ½9 og væri það á föstudegi brást það ekki að þá upphófst söngur og hljóðfæraslättur á hæðinni ofan við, er heyrðist vel niður. Uppi var m.l. fundarsalur Oddfellowa. – Þegar ég 7 árum síðar gekk inn í regluna, kunni ég líka lagið við fundarsetningu og jafnvel eitthvað af textanum. Þetta var ég að hugsa um er ég gekk upp stigana í húsinu Engelbrektsgatan 20 og að heyrast mundi milli hæða ef Svíarnir einangruðu ekki betur en við.

Í húsi Jóns Sveinssonar var reglan frá 1900–1915, þar til stúkan Ingólfur keypti Ingólfshvol, eftir stórbrunann 1915,

af dánarbúi Guðjóns Sigurðssonar, er sjálfur fórst í eldinum. Hingað í Vonarstræti fluttu svo stúkurnar Ingólfur og Hallveig 1932. Fyrir 1900 voru fundir haldnir í Góðtemplarahúsinu, þar áður '98 snöggvast í tjaldi á túni þar sem Fríkirkjan er nú, en tjaldið fauk. — Vígð var stúkan í bæjarþingsalnum (á Skólavörðustíg 11), eftir að Petrus Byer hafði vígt salinn. —

Ganga mín upp stigana í Englebreglsgatan 20 tók enda og ég stóð á efsta palli 4. hæð. Þar blöstu við vængjahurðir merktar I.O.O.T, þar var á gægjugat og spjaldi greinilega ytri dyr á IOOT. stúku. Ég gerði þarna vart við mig á tilhlýðandi hátt og mér var hleypt inn. Þarna tók á móti mér sérstaklega vingjarnlegur maður á að giska um fertugt, vel á sig kominn, rjóður í kinnum, ég sá strax að hann var nokkuð viðskál.

Þessum manni sýndi ég ferðakort mitt á því var letrað á skandinavísku, að ég væri „serimonimesterens venstre medhj."

Ég var nú staddur í forsalnum, raunar líkari stórri innri-forstofu í fjölbýlishúsi. Það sem vakti sérstaklega athygli mína var það hve hátt var til lofts, líklega sama hæð og í fundasal og svo að í lofti hékk forláta kristalljósakróna með mjög björtu rafmagnsljósi.

Ef til vill hefi ég veitt rafmagnsljósinu meiri athygli vegna þess að um sumarið 28. júní hafði fyrsta rafmagnsveitan við Elliðaár tekið til starfa. Kr X prystiehn. 1)

Þessi sænsku ljós hlutu að vera frá Trollhettan, ég hafði fyrr í mánuðinum [um sumarið] komið til Trollhettan og litið inn í stóra vélasalinn. Þar stóðu í röð 14 risastórir rafalar. — En Trollhettanfossarnir, þeim hafði verið fórnað, þar voru nú óvirðulega sloppulegar bunur. —

1) rafmagnsljós höfðu þó verið í miðbæ Rvíkur í mörg ár í heimkynnum reglunnar í Ingólfshvoli frá 1915

Þá var ekki farið að virkja Laxá hjá Brúum, síðan hafa Brúafossar orðið fyrir hrammi tækninnar. — Og hvað gerist síðar?

Ég bjóst nú við að leiðsögumaður minn fengi mér einkenni og setti einnig á sig, því hann hafði ekkert, en svo varð ekki. — Í stað þess gekk hann að vængjahurðum á miðjum vegg opnaði án þess að drepa á dyr og við gengum inn. Við komum í rúmgóðan samkvæmissal. Eftir miðju gólfi var langborð, við það sátu beggja megin á að giska 20 manns; nokkur móða var yfir þessum hóp, því margir reyktu, en á miðju borði gaf á að líta, þar var stórt ílát fullt af vatni, í því flutu flöskur og ískögglar, Bræðurnir voru greinilega að blóta bakkus í stað þess að sitja á venjulegum stúkufundi.

Við gengum að miðju borðinu,

Leiðsögumaður minn bað bræðurna að rísa úr sætum. — Hann kvaðst koma hér með ókunnan ungan bróður, (ég var 27 ára) utan úr myrkrinu. Áhuga þessa bróður mætti marka af því að hann hafi lagt það á sig að finna þá hér í Engelbrektsgötu og klífa upp þessar 50 tröppur upp til þeirra. Þá hafi hann ekki látið sig muna um að koma yfir hið sollna úthaf, alla leið frá Íslandi, — Island er vari ydest mod norden, Sagaöen. Svo var skálað.

Þá stóð upp virðulegur roskinn maður, er var við borðið beint á móti okkur, — og varð síðar var við að hann var yfirmeistari, en nú var hann einnig magister bibendi.

Hann bauð mig velkominn í þeirra hóp. — Minntist á traust bræðra band, þó úthaf skildi. Þá gat hann þess að fundur hefði fallið nið-

ur, vegna þess hve fáir hefðu mætt, – en ég sá raunar að þeir höfðu hafið drykkjuna fyrir fundarbyrjun og einnig varð ég var við að menn bætt-ust við í hópinn, eftir að ég kom. 1)

Eftir því sem á kvöldið leið urðu Svíarnir háværari og elskulegri, þeir ræddu um sinn kæra íslenska bróður frá Sagaöen er væri ydest mod norden og þeir pössuðu vel að hella í glasið hjá gestinum, sínum kæra íslenska bróður – og nú hefði getað farið illa fyrir mér, eins og Dufferin lávarði í veislunni hjá Trampe greifa, hann varð nefnilega blindfull-ur. Hann segir í ferðasögu sinni, að víni hafi verið mjög haldið að sér og hann muni fátt af því sem gerðist.

c) dans

Íslenska vornóttin er björt sem dag-ur og nú héldu þeir nokkrir félag-ar, – undir áhrifum frá veislunni

1) Ég þakkaði nú fyrir góðar mótt. þeir sau ske [illegible]

út á flóa og renndu að landi í eyju
einni og lentu þar í ævintýri.

Þessi eyja var öll, að því er þeir
héldu, útgrafin með kanínuholum
og þeir sáu þar hóp af fáránlegum
kanínum, – þær voru eyrnalausar,
hvítar á lit með rauð trýni, þeir
ólmir fanga, þær
vildu endilega ná þeim, en viti menn,
þá spruttu á þær vængir og þær flugu
upp rétt við nefið á þeim, – hver og
hver saman, það fannst honum verst.

Að ég slapp við að sjá tvöfalt og
önnur vandræði átti ég aðallega að
þakka mínum, hugulsama og margfróð-
a sænska bróður, er allt kvöldið sat
við hlið mér. Hann veitti því fljótt
athygli, af sínu hyggjuviti að ég hafði takmarkaðan
áhuga á drykkjunni, en hann þeim
mun meiri og það kom því eins og
af sjálfu sér, að þegar lítið bar á, þá helti
innihaldið úr mínu glasi í hans, með

gagnkvæmu samkomulagi.—

Og kvöldið leið, loks var staðið upp frá borðum. Þá lýsti y.m. því yfir að þeir muni fylgja sínum kæra íslenska bróður, heim á hótelið.

Þegar út kom á götuna voru Svíarnir nokkuð háværir og óttaðist ég að lögreglan komi á vettvang, sem þó ekki varð.— en ekki tók betra við er að hótelinu kom; þá gullu við húrrahrópin.

Ég þurfti ekki að hringja næturbjöllunni, næturvörðurinn opnaði og kom út.

Ég verð að kannast við að mér létti er ég var laus við þessa vingjarnlegu og gestrisnu bræður og var kominn inn fyrir þröskuld — Grand Hótel Savoy; eins og það heitir, og hurðir lokuðust að baki mér og ég fékk í hendur lykilinn að herbergi mínu.